

## Svar

**fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Hildi Sverrisdóttur  
um málskostnað Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR)  
vegna mála gegn vefverslunum sem selja áfengi.**

1. *Hver er lögfræðikostnaður ÁTVR vegna mála sem stofnunin höfðaði gegn vefverslunum sem selja áfengi?*

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR var kostnaður vegna þessara mála 8.274.939 kr.

2. *Hvað var ÁTVR gert að greiða þeim aðilum sem stofnunin höfðaði mál gegn í málskostnað þegar málunum var vísað frá dómi?*

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR var fyrirtækinu gert að greiða Bjórlandi málskostnað að upphæð 950.000 kr. og Arnari Sigurðssyni, Sante ehf. og Santewines SAS, sameiginlega 1.650.000 kr. í málskostnað.